

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019**

Skóla- og frístundaráð samþykkir gefa starfshóp er stofnaður var til þess að til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla lengri tíma til þess að útfæra sína vinnu. Til stendur að Hópurinn skili niðurstöðum til sviðsstjóra eigi síðar en 29. apríl 2019. Líkt og bent er á í skýrslu Intellecta þá var stofnun nýs skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli leikskóla og grunnskóla viðamikil verkefni sem hafði ekki fyrirfram augljósan og óumdeilanlegan ávinning. Þetta kemur fram í óháðri úttekt sem Intellecta gerði fyrir Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Því er mikilvægt að vanda gríðarlega þá vinnu sem nú hefur verið sett af stað. Páskar og aðrir frídagar skerða verulega þann tíma sem þessi hópur hefur til þess að vinna og því leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að hópurinn fái tíma til 31. maí 2019.